

Fundur foreldrafélags Arnarsmára

Dagsetning: 08.Nóvember 2022

Staðsetning: Arnarsmári leikskóli - matsalur

Fundur settur – kl.16:40

Viðstaddir:

Ásta Rós Sigtryggisdóttir, Ísak Hilmarsson, Hanna Björk Geirsdóttir, Lilja Dröfn, Thelma, Elísabet, Ragnheiður, Ingibjörg, Inga Sigríður, Vilborg Hrund (Hrund), Dúna og Sigga.

Málefni rædd:

1. 178þús eftir – hvað skal gera við peninginn?

Höldum okkur við fyrri plön um að kaupa hjól (first bike) fyrir leikskólann. Þurfum að sjá hversu mörg er hægt að fá fyrir peninginn.

Ein mamman á leiksskólanum vinnur hjá Erninum og getur fengið afslátt! Hún myndi kaupa hjólin og foreldrafélagið leggja inn á hana fyrir hjólunum. Dúna bað um tilboð fyrir 10 hjólum. Sjáum hvernig það kemur út og tökum svo ákvörðun. Dúna verður í sambandi við mömmuna á morgun. Einnig er möguleiki á að senda gömlu hjólin til Örninn og sjá hvort ekki sé hægt að gera við þau.

2. Jólaleikrit

Komið tilboð fyrir Vinir á 95þús. <https://leikhopurinnvinir.wixsite.com/vinir/umsagnir>

Hefur fengið góð meðmæli. Höldum okkur við þetta! Búið að bóka fyrir 14.des.

3. Félagsgjöld fyrir þetta skólaár.

Rukkun verður sett inn 1.des. eins og í fyrra.

Gjaldið verður það sama og í fyrra: 5900 kr fyrir eitt barn og 8900 kr fyrir tvö börn.

4. Jólagjafir.

Fór 76þús í bækur í fyrra. Lilja Dröfn ætlar að fara í bókamál.

5. Jólasveinar.

Dúna var búin að panta jólasveinana fyrir þetta árið. Jólballið er 16.des.

Verðið er komið í 55þús og mun hækka alltaf aðeins á hverju ári. Þessir jólasveinar eru þeir bestu og það vinsælir að það er ekki hægt að semja betur við þá.

Við þurfum að bóka fljótlega fyrir næsta ár og ættum að sjá hvort ekki sé hægt að bóka næstu tvö árin.

6. Piparkökumálning.

Planið er að endurtaka leikinn eins og í fyrra og koma saman einn laugardaginn milli 10:00 og 12:30 og skreyta piparkökur og fá heitt súkkulaði með.

Skipta liði meðal foreldrafélagsins, einhverjir mæta fyrri helminginn og setja upp allt saman á meðan aðrir mæta seinni helminginn og ganga svo frá.

Spurning hvaða dagur hentar best. Nokkrir möguleikar. 19.nóvember, almennt álitnið of snemmt á meðal félagsmeðlima. 26.nóvember er mögulegur, Sigga ætlar að kanna þann möguleika betur með kennurunum. Annars væri sunnudagurinn 11.des líka möguleiki.

7. Annað.

Hvað með að fá leikhópinn Lotta á sumarhátíðina? Öllum leist vel á það.

8. Kosin stjórn

Formaður: Elísabet Gunnarsdóttir

Varaformaður: Vilborg Hrund Kolbeinsdóttir

Gjaldkeri: Hanna Björk Geirsdóttir

Ritari: Ásta Rós Sigtryggisdóttir

Stjórnarmeðlimur: Dúna Baldursdóttir

Fundi slitið – kl.17:30